

Sorpsamlag Strandasýslu ehf
Skeiði
510 Hólmavík


Reykjavík, 20. júlí 2020
UST202003-322/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu

Þann 23. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í Skeljavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Rákel Kristjánsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

EFTIRLITSSKÝRSLA



Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík

Dags eftirlits	23.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Strandasýslu	Eftirlitsmaður	
Heimili	Skeiði 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470786-1329	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Indriðason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	377099,262 581129,16

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í Skeljavík og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja
5. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Á urðunarstaðnum í Skeljavík er urðaður úrgangur sem safnast í Strandasýslu og voru urðuð þar 289 tonn árið 2019. Heimilt er að taka á móti til urðunar, úrvinnslu og geymslu allt að 500 tonnum á ári. Á urðunarstaðnum er safnað saman brotajárni og dekkjum af þjónustusvæði sorpsamlagsins sem síðan eru flutt til endurvinnslu í Hafnarfirði. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur frá síðasta eftirliti hafist vinna við gerð jarðvegsmana þar sem nýtt er grófkurlað timbur sem fyrir er á urðunarstaðnum og eins bætt úr vegna daglegs frágangs í rein fyrir óvirkan úrgang.

Í eftirliti 2019 kom fram eitt frávik er varðar sein skil á skráningum, rekstraraðili skilaði inn skráningum og var því frávikum lokið. Skráningar fyrir árið 2019 skiluðu sér í tíma og benda niðurstöður sýnatöku til að ekki berist mengun frá urðunarstaðnum.

Rætt var um áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Í áhættumati árið 2019 var urðunarstaðurinn settur í flokk D, þ. e. reglubundið eftirlit þriðja hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Rætt var um reglugerð vegna aukaafurða dýra og kynnt drög að verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa unnið að. Fram kom að unnið væri að því hjá sorpsamlaginu að koma af stað söfnun dýrahæja af bæjum á svæðinu.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Hlið var læst og girðing í góðu ásigkomulagi. Nokkuð var af bílhæjum og brotajárni á urðunarstaðnum og einn gámur af brotajárni tilbúin til flutnings. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila kom nokkuð af bílum og brotajárni við tiltekt á svæðinu nú í vor. Einnig var dekkjahaugur á urðunarstaðnum en fram kom að reglulega væri farið með dekk suður í Hafnarfjörð til endurvinnslu. Staðfest var í eftirliti að unnið sé að gerð jarðvegsmana með trjákurli sem safnast hefur á urðunarstaðnum. Urðunarstaðurinn var snyrtilegur og frágangur í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.07.2020

Sigríður Magnúsdóttir